

Bekkjarnámskrá 10.bekkur

Skólaárið 2025- 2026

Íslenska

Tímabil	Lýsing	Hæfniviðmið
Æfingátímar eru á fimmtudögum Haust 27.10 -21.11 Vor 9.3 -27.3 Íslenska er kennd í tveim lotum og í einum föstum fagtíma á viku allt skólaárið.	Íslenska Áherslupættir í íslensku: talað mál og hlustun, bókmenntir og lestur, málfræði og ritun. Æfingátímar: Nútímabókmenntir, lestur, ritun, stafsetning, framsögur. Útdrættir og gerð bókmenntaritgerðar. Fyrri lotan er í ritun og stafsetningu. Einnig fara fram kynningar á valbókum og rithöfundum. Vorönn Áherslupættir í íslensku: talað mál og hlustun, bókmenntir og lestur, málfræði og ritun. Æfingátímar: Þýtt skáldverk/ævisaga, framsögur, skapandi ritun, gerð örsagna og smásagna. Seinni lotan er í málfræði og fjallar um íslenskt mál, þróun þess og breytingar; íslensk mannanöfn, málfræði (stafrófið, kyn, fallbeyging, ritháttur, hljóðkerfi) og mismunandi heimildir: viðtal, lög og blaðagreinar.	Að barnið: Málfræði • beitt þekkingu sinni og kunnáttu í málfræði til að bæta eigin stafsetningu • nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun Lestur og bókmenntir • skilið mikilvægi þess að geta lesið og eflt eigin læsi • lesið, túlkað, metið og fjallað um nútímaskáldsögu • beitt hugtökum í bókmenntafræði svo sem sjónarhorni, söguviði, minni og fléttu. • leitað og aflað sér heimilda og lagt mat á gildi og trúverðugleika þess Ritun • skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi • beitt skipulögðum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar • beitt reglum um rétttritun • tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli. • samið skáldlegan texta frá eigin brjósti. • valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um Talað mál og hlustun

	Lesnir textar almenns eðlis. Ritgerð um hagnýtt málefni. Sjálfstæð efnistöð, gagnrýnin hugsun og ályktunarhæfni.	• flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með viðeigandi talhraða og fasi Málfræði • beitt helstu málfræðihugtökum (fallbeygingu og íslenskri stafsetningu og rithætti) í umræðu um notkun málsins og þróun þess. • áttað sig á skyldleika íslensku við önnur tungumál og að tungumál, þar á meðal íslenska breytast sífellt (verður líka fyrir áhrifum frá öðrum tungumálum og þeim sem flytjast til Íslands) Lestur og bókmenntir • greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta (lögum um mannanöfn, blaðagreinum og viðtölum í þessu tilviki) og glöggvað sig á tengslum efnisatriða • gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og heimilda (skáldlegum texta, ævisögulegum texta og textum almenns eðlis sbr. lögum, viðtölum, blaðagreinum og fræðilegum heimildum) og gert öðrum grein fyrir því. Ritun • tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og færð rök fyrir þeim í rituðu máli. • samið skáldlegan texta frá eigin brjósti. • notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um Talað mál og hlustun • nýtt aðferðir sem þau hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar.
--	---	---

Stærðfræði

Haust
29.9 -17.10

Stærðfræði er kennd í tveim lotum og í einum föstum fagtima á viku allt skólaárið. Stuðst verður að mestu leyti við Skala 3A.

Rúmfræði

Á haustönn er áhersla lögð á rúmfræði í stærðfræðilotunni. Æfingatímar verða nýttir til upprifjunar og til að styrkja grunn í ýmsum stærðfræðiviðfangsefnum.

Nemendur læra að:

- mæla ummál, flatarmál og rúmmál hringja, þríhyrninga og ferhyrninga. Auk þess læra þau að reikna stærð þeirra og útskýra með eigin orðum hvað felst í mælihugtakinu.
- nota mælikvarða og vinna með einslaga form, útskýra setningu Pýþagórasar og reglu um hornasummu í marghyrningi og beita henni í margvíslegu samhengi. Einnig gera rannsóknir á rétthyrndum þríhyrningum og reiknað hliðarlengdir og horn út frá þekktum eiginleikum,
- nota undirstöðuhugtök rúmfræðinnar þar með talin hugtök um stærðarhlutföll, innbyrðis afstöðu lína, færslur og fræðilega eiginleika tví- og þrívígðra forma
- teikna skýringarmyndir og vinna með teikningar annarra út frá gefnum forsendum, rannsakað, lýst og metið samband milli hlutar og teikningar af honum,
- Jöfnuhneppi, hnitakerfið, bókstafareikningur

Að barnið:

- Geti notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar, nýtt einslögum, hornareglur og hnitakerfi til að teikna og greina rúmfræðilega hluti, sett fram einföld rúmfræðileg rök, mælt og reiknað lengd, flöt og rými.
- sett fram einföld rúmfræðileg rök og sannanir og túlkað táknmál algebru með rúmfræði,
- teiknað skýringarmyndir og unnið með teikningar annarra út frá gefnum forsendum, rannsakað, lýst og metið samband milli hlutar og teikningar af honum,
- unnið með talnarunur og rúmfræðimynstur til að rannsaka, koma skipulagi á og alhæfa um það á táknmáli algebrunnar og sett fram stæður með breytistærðum,
- ákvarðað lausnir á jöfnum og jöfnuhneppum með myndritum og lýst sambandi breytistærða með föllum.
- geti meðhöndlað og þáttað einföld algebrudæmi og reiknað með formúlum, svigum og brotum með einum lið eða einföldum margliðum í nefnaranum,
- geti leyst jöfnur og ójöfnur af fyrstu gráðu og einfaldar jöfnur með tveimur óþekktum stærðum, bæði í algebru og rúmfræði

Erlend tungumál

Vikulegir
æfingartímar yfir
allt skólaárið

Enska

Nemendur velja sér tvær bækur á önn til að lesa og gera verkefni úr. Málfræði er æfð með Spotlight 10. Samtalsæfingar eru gerðar í hópum. Að auki eru valdir textar úr fagurbókmenntum og vísindagreinum til að auka orðaforða og æfa framburð og upplestur.

Að barnið:

Tungumál og samskipti

- temji sér góð vinnubrögð í tungumálanámi og geti skipulagt og metið mismunandi
- námsaðferðir við ólík verkefni,
- skilji grundvallar málfræðihugtök á ensku,
- geti notað mismunandi hjálpartæki við námið t.d. uppflettirit og rafrænar orðabækur,
- geti borið saman ensku og íslensku, fundið líkindi og mismun,
- skilji innihaldið í lengri smásögum og einföldum fræðilegum textum,
- geti dregið saman aðalatriðin í textum og sett fram skriflega,
- noti alhliða orðaforða, föst orðasambönd og orðatiltæki á virkan hátt við textaskrif,
- hafi vald á réttitun og setningargerð,
- geti flutt munnlegar kynningar á ólíkum efnum,
- geti haldið uppi samræðum, skilið og gert sig skiljanlegan.

Menning, samfélag, saga og bókmenntir

- þekki til enskrar mál sögu,
- þekki til mikilvægra atburða í sögum BNA og annarra enskumælandi landa,
- þekki til skólakerfanna í Bandaríkjunum og Bretlandi,
- skilji og geti endursagt innihald úr textum sem fjalla um lifnaðarhætti og gildi,
- lesi sér til um ævi frægra persóna frá enskumælandi löndum,
- skrifi verkefni tengt við eigandi efni og kynni það,
- lesi úrval frumtexta, leikrita, smásagna, ljóða og kvæða,
- lesi skáldsögu og skrifi um hana umsögn,
- geti borið kennsl á málarsvenjur og málfræðiatríði í köflum og útdráttum úr skaldverkum,

		• geti farið með ljóð eða útdrátt úr bókmenntum á listrænan máta, • geri greinarmun á myndmáli og beinni lýsingu, • getir mætt innihald texta bæði munnlega og skriflega. • •
Vikulegir æfingatímar yfir allt skólaárið	Danska • Talað mál • upplestur og samræður • Lestur • greinar um uppfinningamenn (og konur), blaðagreinar og sögur • Hlustun • hlustun á upplestur • Orðaforði • þýðingar á greinum og völdum textum • Málfræði • sagnir og tíðir þeirra • sterka og veika beygingu sagna og lýsingarorða • ákveðin og óákveðin greinir • Ritun • réttritunaræfingar og skapandi skrif	Að barnið:
Val er kennt í einum föstum fagtíma á viku allt skólaárið.	Val Nemendur geta valið á milli námskeiða. Valgreinar: tungumál, myndlist, hönnun ofl.	

Allt skólaárið	Lokaverkefni Nemendur velja sér lokaverkefni og vinna að því jafnt og þétt yfir árið. Á útskriftardegi halda nemendur munnlega kynningu á lokaverkefni sínu og lokaafurð.	
List- og verkgreinar		
Vor 05.01.-6.3.	Handavinna Verkefni vetrarins er að hver nemandi geri hettupeysu í sinni stærð. Lagt verður upp með grunnsnið sem nemendur útfæra og breyta eftir eigin málum. Í grófum dráttum má lýsa verkefninu á þessa leið, skrifuð verður niður verklýsing sem unnin verður í sameiningu, því næst aðstoða nemendur hvorn annan við að taka mál, snið verður útfært, mælt hversu mikið efni þurfti í peysu, nemendur versla sjálfir efni í flíkina og þegar það er komið verður sniðið og að lokum hettupeysan saumuð í saumavél. Þessi vinna krefst útsjónarsemi, verkkunnáttu og nákvæmni. Nemandi nýtir sér reynslu frá verkefnum fyrri ára svo sem handsaum, notkun saumavélar, eflir einnig sjálfstæð vinnubrögð og samvinnu.	Að barnið: • geti stuðst við verklýsingu, tekið mál, áætlað stærð og efnisþörf, • geti notað saumavél og önnur hjálpartæki til að búa til flík • þekki hvenær beinsaumur og hvenær zikk zakk saumur er notaður við gerð á einföldum flíkum

Smíði

Haust 27.10.-19.12	Eldsmíði Nemendur hanna og smíða hnífsblað úr hnífastáli • læra nýjar aðferðir, spennujafna hnífsblað, herða í olíu og tempru. Smíði Nemendur hanna og smíða skaft á eigið hnífsblað sem unnið er í eldsmíði. Skaftið er unnið í smíðastofu þar sem lögð er áhersla á val á viðeigandi efnivið, vandaða vinnuferla og góða áferð. Nemendur læra að nýta handverkstækni til að tengja skaft við blað og ljúka við verkefnið með góðum frágangi.	Að barnið: • geti skipulagt raunhæft ferli til að búa til viðeigandi og fallega hluti úr ólíkum efnivið • öðlist góða þekkingu á mismunandi efnum • geti unnið og fullgert verkefni frá skipulagi að frágangi • geti beitt fyrir sig grundvallartækni í vinnu með mörg ólík efni • þekki gamlar handverkshefðir og geta notað tækni og efnivið í samræmi við þær • geta valið viðeigandi efni og útfærslu fyrir handfang sem hæfir hnífsblaðinu • sýna færni í að vinna með tré og/eða annan efnivið með nákvæmni og öryggi • geta hannað og smíðað hlut með tilliti til nytsemi, fagurfræði og endingar • ljúka verkefni með góðum frágangi og hnitmiðuðu verklagi • tengja handverksvinnu við hefðir og eigin hönnunarstíll
------------------------------	---	---

Tónlist

Vor 11.5.-5.6	Nemendur æfa • tónmyndun og hljóð • slagverksæfingar • samsöngur á lögum frá öllum tónlistargeirum og mismunandi menningum sem og samspilshópum með söng og hljóðfæri. • tónlistarsöguna og undirstöður tónfræðinnar • umræður um tónlist sem list og listjánaingu og sem afþreyingu og neysluvöru.	Að barnið: • þekki til nokkurra mikilvægra tónsmíða og dæmigerðra einkenna tónverka þeirra, • kunni algeng hugtök og formerki í tónlist, • geti rætt um gildi tónlistar sem listar, listjánaingar, afþreyingar og neysluvöru.
-------------------------	--	--

Leiklist

Haust

24.11.-19.12

- Leiklist, samþætt við íslensku og tónlist
- nemendur setja upp leikrit um Pétur Pan
- nemendur taka þátt í uppbyggingu sviðsmyndar, búningagerð og hljóðmynd.

Að barnið:

- geti túlkað leikpersónu á sviði í góðu samspili við meðleikara.
- geti beitt rými, radd- og líkamsbeitingu á meðvitaðan hátt til þess að styrkja túlkun sína.
- geti verið góður áhorfandi og sýnt öðrum tillitssemi.
- hafi tekið virkan þátt í leikrænu ferli.
- geti bæði veitt og tekið á móti upp byggilegri gagnrýni og nýtt sér hana inn í vinnuferli í leiklist

Myndlist

Vor

9.3-10.4

Nemendur læra um stefnu impressjónista og expressjónista. Nemendur teikna með pastelkrítum og vinna með litaupplifanir og blöndun lita. Nemendur skera út dúkristu og þrykkja myndirnar á pappír. Nemendur rifja upp hlutföll andlitsteikningar og teikna portétmyndir.

Að barnið:

- geti notað mismunandi aðferðir og tækni við sköpun
- geti unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar
- geti sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði
- geti gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar
- geti tekið þátt í samvinnu og tekið jákvæðan þátt í samskiptum
- geti tjáð sig um verkefni sín
- geti tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt

Samfélagsfræði

Vor 2.2.- 27.2. sambætt við íslensku og myndlist	Nemendur læra um kalda stríðið og geopólitískt kort eftir fall Berlínarmúrsins.	Að barnið: • Að geta skilið ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna. • lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi. • Rætt um tímabil, atburði og persónur, sem fjallað var um í mannkynssögunni. • sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum. • tekið þátt í samræðum, brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt, sýnt virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra, að geta hlustað á aðra. • Að geta tjáð sig um ofangreinda þætti munnlega, skriflega og listrænt.
---	--	---

Landafræði

Vor 2.2.-27.2 Sambætt samfélagsfræði	Heimsálfurnar Asía, Afríka, Ástralía, og Ameríka • sérkenni • lífsskilyrði • auðlindir • löndin	Að barnið: • gert grein fyrir og rætt um aðgengi að mikilvægum náttúruauðlindum, nýtingu þeirra og þýðingu fyrir heimsviðskipti • tengt saman landfræðilega þekkingu við aðrar námsgreinar, svo sem samfélagsgreinar, • mannkynssögu og náttúrufræði
---	---	--

Trúarbragðafræði

Haust 8.9.-26.9	Nemendur læra um stóru heimstrúarbrögðin, kristni, gyðingdóm, íslam, hinduisma og búddisma með áherslu á að þekkja gildi trúarbragða, hugsunarhátt og menningu annarra trúarbragða.	Að barnið: • hafi fengið innsýn inní helstu trúarbrögð heims og ólík • lífsviðhorf og geti borið þau saman • hafi öðlast færni í að fást við siðferðisleg álitamál í ljósi mismunandi • gildismats, trúarbragða og lífsviðhorfa, t.d. tengd samskiptum • kynjanna, fjölskyldulífi og atvinnulífi • hafi kynnst áhrifum ólíkra trúarbragða á menningu og listir
---------------------------	---	--

Náttúrufraði

Haust 19.8.-5.9 18.8.-12.9	Vistfræði Nemendur verða í verklegri útvinni í skólagarðinum. Nemendur fræðast um mikilvægi vistfræðilegs jafnvægis, hnattrænu samhengi vistkerfis jarðar, vitund um stöðu og ábyrgð sína gagnvart vistkerfi jarðar. Garðyrkja Gildi líffræðilegrar fjölbreytni og tengsl við velferð manna, dýravernd, sjálfbæra þróun og vistkerfin útskýrð. Safnhaugur gerður og fjallað um niðurbrotsferlið í samanburði við uppvöxt plantna, fjölgun og fræmyndun.	Að barnið: • Að nemandi þekki helstu hugtök vistfræðinnar eins og fæðukeðja og vistkerfi • Að nemandi öðlist skilning á tengslum lífvera og hvernig vef lífsins, sem manneskjan er hluti af, bindur allar lifandi verur saman
---	--	---

Efnafræði

Vor
25.5.-5.6

Nemendur fræðast um:

- grunnþætti efnafræðinnar
- efnafræðileg kerfi, lotukerfið
- atómísk líkön
- kolefnishringrásin
- lífrænar sýrur; áfengi, sýrur og basar og bragðefni
- gróðurhúsaáhrifin
- oxun og fækkun
- efnaferlar jarðolíu

Að barnið:

- geti skilgreint sérkenni námsgreinarinnar í tengslum við önnur náttúrufög
- tileinki sér skipuleg og nákvæm vinnubrögð við athuganir
- geti lýst ólíkum efnafræðilegum ferlum og dregið ályktanir af tilraunum
- geti framkvæmt einfaldar tilraunir markvisst og af öryggi og skilji forsendur þeirra
- þekki algengustu frumefnin, hvernig þau koma fyrir í náttúrunni og sérstaka eiginleika þeirra,
- þekki mikilvægustu sýrur og basa og úrval salta, heiti þeirra og eiginleika, geti lýst hringrás kalks
- þekki aðalflokka næringarefna, sérstaka eiginleika þeirra og þýðingu þeirra fyrir næringarferli mannsins
- þekki hinar ýmsu birtingarmyndir kolefnis, t.d. vetniskolefni, lífrænar sýrur [o.fl.](#)
- þekki til bergfræðilegra ferla, eimingu hráolíu, ólíka efnisþætti hennar og notkun þeirra í framleiðslu gerviefna
- þekki til notkunar hjálparefna sem efnahvata og vísa
- skilji grundvallar skipulag efnafræðinnar, hugtök og flokkunarkerfi
- geti rætt um grundvallar muninn á milli kenninga og þess sem byggir á raunverulegum athugunum.

Líffræði

Vor 5.1.-30.1	Mannslíkaminn • taugakerfið • meltingakerfið • hrynjandakerfið (hjarta og æðakerfið) • frumur og fósturfræði Manneskjan í umheiminum og fjögur ríki náttúrunnar • steinaríkið • plönturíkið • dýraríkið • manneskjan. Umfjöllun og samanburður. Dregin er saman heildarmynd af lærdómi undangenginna skólaára.	Að barnið: • geti skilgreint aðalatriðin í ljóstillífun, • þekki til loftslagsbreytinga og hlutverks CO2 í því samhengi, • þekki til aðalatriða í svæðisbundnum lífbeltum- eins og t.d. eyðimörk, gresju, freðmýri og regnskógi, • þekki til undirstöðu heyrnarskyns og sjónskyns, • hafi grundvallarþekkingu á næringarfræði og mataræði, • þekki kolvetni, fitu og prótín, • viti hvar mikilvæg innri líffærin eru staðsett í mannslíkamanum og hvaða hlutverki þauegna, • séu meðvituð um heilsusamlegt mataræði, • séu metvituð um skaðsemi tóbaks, alkóhóls og annarra vímuefna.
---------------------------------	---	---

Lífsleikni

Haust 22.9-26.9 Vor 27.4.-1.5 Lífsleikni Furudalsvika	Lífsleiknivika Nemendur fara eftir morguntíma í Furudal. Nemendur fara í hlutverkaleik þar sem iðnir þorpsbúar byggja einföld hús, gera hlóðir, kvekja elda, baka pinnabrauð, tálga, jurtalita ullarband og berjast við dreka sem búa í nærliggjandi skógi. Allir nemendur taka þátt ásamt kennurum og starfsfólki skólans. Nemendur í 10. bekk eru drekar í drekaleiknum, árlegri lífsleiknivíku. Því að vera dreki fylgir mikil ábyrgð.	Að barnið: • nái tókum á fjölbreyttum hreyfingum við mismunandi aðstæður og í skipulögðu starfi, • geti fylgt leikreglum, • geti unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum, • geti tekið þátt í hreyfingu sem reynir á öll skilningarvit og styrkir samhæfingu, • geti kastað og gripið bolta í leikjum og boltaleikjum,
--	---	---

	Hlutverkið reynir á getuna til að aðlagast mismunandi aðstæðum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Hlutverkin krefjast færni eins og sjálfsgrundun, lausnamiðaðri hugsun og færni í mannlegum samskiptum. Skólaferðalag Áhersla á sögu og menningararfleið viðkomandi lands og efling teymisvinnu og samskiptahæfileika.	• geti tekið þátt í söngvaleikjum og dönsum, • tekið þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum
--	--	--

Íþróttir og hreyfing

Tímabil Reglulega yfir allt skólaárið	Skokk, gönguferðir og reiðhjólaferðir verða stunduð á skólaárinu Fjallgöngur verða nokkrar yfir árið. Sundkennsla fer fram í Salalaug. Íþróttir eru kenndar í Fylkishúsinu.	Að barnið: • geti tekið þátt breiðu úrvali íþróttar, • geti tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi, • þekki til tækni, leikaðferða og meginreglna þjálfunar í nokkrum einstaklings og hópíþróttum • geti lagt stund á útivist við mismunandi aðstæður í náttúruumhverfi, • geti ratað með hjálp korts og áttavita við mismunandi aðstæður • geti skipulagt og farið í útvistarferðir á mismunandi árstímum
Tímabil Ólympíuvika 18.05-22.05	Ólympíuleikar eru settir upp í anda hinna upphaflegu forn-grísku leika og sameinast allir nemendur skólans sem þátttakendur á sérstökum íþróttadegi, en haldin er vikulöng íþróttahátíð í tengslum við leikana.	
Reglulega 1 x í viku	Í íþróttum er boðið upp á fjölbreytta hreyfingu og leiki. Þar reynir meðal annars á hæfileika nemenda til þess að vinna saman, fylgja leiðbeiningum og tileinka sér nýja hluti. Þar eru nemendur kynntir fyrir ólíkum íþróttum, farið í einstaklings- og hópleiki sem stuðla að þjálfun í félagsfærni, samábyrgð, mati á aðstæðum og	

	tillitssemi. Áhersla er lögð á markvissar og árangursríkar aðferðir þar sem nemendur fá fræðslu um mikilvægi þess að vinna saman og fylgja settum leikreglum.	
Hrynlist		
Haust 27.10.-21.11	Nemendur vinna að myndgerð ljóða í hrynlistalotu • unnið með ljóð sem nemendur velja, • nemendur byggja upp formið fyrir ljóðin og myndbyggingu þeirra undir leiðsögn hrynlistakennara, • ljóð gerð sýnileg á hnitmiðaðri hátt en í yngri bekkjarstigum. Það tilheyrir þessum aldurshópi að vilja upplifa til fulls allt það sem hefur verið lærtáður og tengja hina ýmsu þætti saman. Reynsla, hver svo sem hún hefur verið og hinn ýmsi lærdómur hefur styrkt nemendur og gefið þeim vissa innsýn inn í tilveruna. Komum við til með að nýta okkur þessa þörf og hæfni þeirra í erfiðari verkum; með ljóðum og tónlist. Tekin verða fyrir tónverk og ljóð sem nemendur sjálfir munu eiga þátt í að velja og munu nemendur einnig eiga stærri þátt í að byggja upp formið á þeim og mótabirtingu myndbyggingarinnar. Hið eiginlega innihald verkanna fær nú enn meira vægi. Einnig verður tekið tillit til þess í ljóðverkunum hvort	Að barnið: • samhæft tónlist/ljóðalestur og hreyfingu með góðri líkamsvitund og • líkamsbeitingu og dansað mismunandi hrynlistarform sér til • ánægju, • sýnt öryggi og færni til að gera hrynlist/dans einn eða sem hluti af • pari eða hópi • tekið þátt í skapandi vinnuferli í hrynlist/dansi, sett saman einfalt • hrynlistar-/dansverk og valið umgerð við hæfi, • dansað hrynlist fyrir framan áhorfendur með tilfinningu fyrir þáttujm • eins og túlkun, augnsambandi, rými, líkamsbeitingu og • kurteisisvenjum, • prófað sig áfram og tekið sjálfstæðar ákvarðanir í túlkunar og • sköpunarferli út frá eigin þekkingu og leikni í dansi, • tjáð og túlkað hugmyndir sínar og rætt hrynlist/dans á gagnrýninn • hátt, beitt við það viðeigandi orðaforða og sett það í menningar- og • sögulegt samhengi, • geta sýnt hrynlist fyrir framan áhorfendur með tilfinningu fyrir

	um er að ræða viljasterk, vitsmunaleg eða tilfinningaþrungin ljóð og verður það notað til hliðsjónar þegar unnið verður að formum og myndbyggingu. Krefjandi verk verða valin með þörf nemendanna í fyrirrúmi.	• þáttum eins og túlkun, augnsambandi, rými og líkamsbeitingu.
Upplýsinga- og tæknimennt		
Vor 13.4.-8.5.	Tæknimennt Nemendur kynnst hvernig tölva er sett saman og með hvaða hætti hún starfar. • ihluti tölvunnar og aðgerðir þeirra • örgjörva og vinnsluminni • orð og hugtök æfð til þátttöku í samræðum um tæknilausnir Ritvinnsla, borgaraleg vitund, stafrænt siðferði • afla ritaðra og rafrænna heimilda • setja upp heimildaskrá • uppsetningu ritgerða, inngangur, meginmál, samantekt og niðurstöður • heimildarýna Umræður um • starfræna borgaravitund • samfélagsmiðla • stafrænt siðferði • falsfréttir	Að barnið: Vinnulag og vinnubrögð • beiti réttri fingrasetningu • riti texta og kynningar með stafrænum verkfærum. Upplýsingaöflun og úrvinnsla • geti rökstutt og rætt málefni sem varðar netlög, höfundarrétt, heimildaleit og heimildar gagnrýni • leiti og meti ýmsar upplýsingar og þekkingu á netinu • æfi réttar heimildatilvísanir • þekki mismunandi stafrænn verkfæri sem nýtist við úrvinnslu fjölbreyttra verkefna. Tækni og búnaður • geti gert grein fyrir ólíkum stýrikerfum • hafi þekkingu á íhlutum tölvu og virkni þeirra. Sköpun og miðlun • geti notað grunnforritun • geti nýtt sér hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt • geti þróað flókna texta og kynningar með stafrænum verkfærum. Siðferði og öryggismál • geti leitað og metið ýmsar upplýsingar og þekkingu á netinu, • geti notað réttar heimildatilvísanir, • geti notað gagnrýna hugsun er varðar upplýsingaöflun á netinu, höfundarrétt og

		áhættuþætti í notkun nútímatölvukerfa, • kanni og velta fyrir sér efni gervigreindar og sjálfstæðra kerfa • geti aflað upplýsinga og velt fyrir sér efni gervigreindar og sjálfstæðra kerfa á gagnrýnin hátt.
Starfskynningar		
2.2.-6.2	Nemendur velja sér vinnustað og vinna þar á tímabilinu undir leiðsögn.	Að barnið: